

Eignasöfn A, B og C

31. janúar 2012

Íslensk verðbréf bjóða upp á eignasöfn A, B og C sem eru sérsniðnar eignastýringarlausnir fyrir einstaklinga, stéttarfélög, fyrirtæki og fagfjárfesta. Eignasöfnin fjárfesta í innlánnum, sjóðum og stökum verðbréfum eftir fyrirfram skilgreindum fjárfestingarheimildum.

Eignasöfnin eru laus til útborgunar með skömmum fyrirvara. Viðskiptavinir njóta ýmissa sérkjara hjá Íslenskum verðbréfum, svo sem afsláttar af sölupóknun sjóða og aðgangs að ráðgjöfum Íslenskra verðbréfa. Lágmarksfjárhæð í eignasöfnin eru 15 m.kr.

Fjárfestingarheimildir

Eignaflokkur	Eignasafn A	Eignasafn B	Eignasafn C
Skuldabréf með ábyrgð ríkisins	20 - 100%	0 - 100%	30 - 100%
Önnur innlend skuldabréf	0 - 30%	0 - 40%	0 - 30%
-þar af önnur skuldabréf en með beinni eða óbeinni ábyrgð sveitarfélaga	0 - 20%	0 - 25%	0 - 20%
-Á hvert einstakt sveitarfélag í beinni ábyrgð	0 - 10%	0 - 10%	0 - 10%
-Á hvert fyrirtæki	0 - 5%	0 - 5%	0 - 5%
Laust fé	0 - 80%	0 - 70%	0 - 50%
Hlutabréf	0 - 25%	0 - 50%	ekki heimilt
-þar af innlend hlutabréf	0 - 15%	0 - 30%	
-þar af í hverju félagi	0 - 5%	0 - 5%	
Erlend skuldabréf	0 - 10%	0 - 25%	ekki heimilt

Gengispróun og verðbreyting

Vísitala gengispróunar



— Eignasafn A — Eignasafn B — Eignasafn C

Verðbreyting

	A	B	C
3 mánuðir	4,60%	6,72%	3,63%
6 mánuðir	7,52%	6,61%	8,38%
12 mánuðir	11,53%	10,02%	12,65%
2011	11,00%	8,87%	12,04%
2010	10,89%	8,17%	8,18%*

* Frá 01.04 2010 - 31.12 2010

Eignasafn A


Eignasamsetning 31. janúar 2012

Eignasafn A fjárfestir að miklu leyti í verðbréfum með ábyrgð ríkissjóðs og innlánnum.

Fjárfestingastefnan heimilar takmarkaða fjárfestingu í hlutabréfum og öðrum innlendum og erlendum verðbréfum.

Hentar fjárfestum sem vilja njóta öryggis innlána og verðbréfa með ábyrgð ríkissjóðs en jafnframt eiga þess kost að fjárfesta í hlutabréfum með von um hærri ávöxtun.

Áhætta er takmörkuð og ávöxtun fremur stöðug.



- Verðbréf með ríkisábyrgð 65,4%
- Laust fé 5,7%
- Erlend hlutabréf 7,9%
- Innlend hlutabréf 7,1%
- Önnur innlend skuldabréf 13,9%

Áhætta: lítill **1** 2 3 4 5 mikil


Eignasafn B

Eignasamsetning 31. janúar 2012

Eignasafn B fjárfestir í verðbréfum með ábyrgð ríkissjóðs, innlánnum og hefur auk þess heimild til að fjárfesta að verulegu leyti í hlutabréfum og öðrum innlendum og erlendum verðbréfum.

Hentar fjárfestum sem vilja njóta öryggis innlána og verðbréfa með ábyrgð ríkissjóðs en jafnframt eiga þess kost að fjárfesta í hlutabréfum með von um hærri ávöxtun.

Ávöxtun getur sveiflast nokkuð og er mælt með að fjárfestar horfi til nokkurra ára við mat á árangri.



- Verðbréf með ríkisábyrgð 44,6%
- Laust fé 4,6%
- Erlend hlutabréf 21,9%
- Innlend hlutabréf 13,9%
- Önnur innlend skuldabréf 15,0%

Áhætta: lítill 1 2 3 **4** 5 mikil


Eignasafn C

Eignasamsetning 31. janúar 2012

Eignasafn C er áhættuminnsta eignasafnið þar sem einungis er fjárfest í skuldabréfum og innlánnum. Rík áhersla er á verðbréf með ábyrgð ríkissjóðs.

Verulegar takmarkanir eru á fjárfestingum í öðrum skuldabréfum og innlánnum og óheimilt er að fjárfesta í hlutabréfum og erlendum verðbréfum.

Hentar fjárfestum sem vilja varfærna eignastýringu um leið og notið er öryggis verðbréfa með ábyrgð ríkissjóðs. Áhætta er mjög takmörkuð og ávöxtun tiltölulega stöðug.



- Verðbréf með ríkisábyrgð 73,6%
- Laust fé 12,5%
- Önnur innlend skuldabréf 13,9%

Áhætta: lítill **1** 2 3 4 5 mikil